

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 17. maí 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 16. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Þó skal ríkissjóður greiða jafnóðum ársfjórðungslega áætlað rekstrarframlag sitt, miðað við rekstrarkostnað næsta ár á undan, til þeirra heimavistarbarnaskóla, sem fleiri en eitt sveitarfélag stendur að.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 18. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimavistar skólar gagnfræðastígs (héraðsskólar), sem nú eru starfræktir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skulu þó vera séreign ríkisins, ef hlutaðeigandi sveitarfélög óska þess. Skulu sveitarfélögin þá afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna, eins og hann er í árslok 1961.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gislason.